

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Suðurbæjar sunnan Hamars vegna Brekkugötu 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. október 2024 breyting á deiliskipulagi Suðurbæjar sunnan Hamars vegna Brekkugötu 11. Breytingin snýr að því að útlit hússins verður fært til upprunalegs horfs og nýjar viðbyggingar verða með útliti sem hæfir byggingarstíl hússins. Gert er ráð fyrir viðbyggingu/anddyri við norðurhlíð, kjallara og einni hæð. Jafnframt er gert ráð fyrir að stækka núverandi viðbyggingu til suðurs og færa til horfs sem hæfir byggingarstíl hússins, sú viðbygging er ein hæð. Kjallari er stækkaður til suðurs og verður að mestu leyti niðurgrafinn. Nýtt gólf verður lækkað um 80 cm miðað við núverandi kjallaragólf. Eftir stækkun verður hús 234,4 fm, nýtingarhlutfall verður 0,38.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 9. október 2024.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Aleksandra Julia Wegrzyniak**, þjónustufulltrúi á tæknisviði.